

Stjórnarfundur HRFÍ 10. janúar 2022

Haldinn kl. 16:30 á Teams

Mættir: Daníel Örn Hinriksson, Auður Sif Sigurgeirsdóttir, Helga Kolbeinsdóttir, Maríanna Gunnarsdóttir, Anna Guðjónsdóttir, Guðbjörg Guðmundsdóttir, Anna María Ingvarsdóttir og Guðný Ísaksen, framkvæmdastjóri.

Augnskoðun 6. - 7. desember 2021

Augnskoðun fór vel fram og biðlistar voru kláraðir. Stjórn hafa borist beiðnir um undanþágur frá kröfu um augnskoðun fyrir þörun með þeim rökum að fólk hafi ekki komist að. Í reynd voru biðlistar kláraðir og 85 laus pláss auglýst í október fyrir augnskoðun í desember. Um leið og boðið var upp á augnskoðun á nýjan leik féll úr gildi undanþága frá augnskoðun.

Hundavefurinn kominn í loftið.

Mikið fagnaðarefni að *Hundvefurinn.is* langþráði fór í loftið 8. desember. Vefurinn kemur inn í skrefum og er fyrsta skrefið að koma gagnagrunninum, meðlimakerfinu ásamt sýningakerfinu sem við þekkjum frá DKK inn á vefinn. Á vefsíðu HRFÍ eru leiðbeiningar til að virkja aðgang en virkir félagsmenn eru allir skráðir virkir inni á *Hundavefinn* til janúar 2022. Nánar má lesa um vefinn undir liðnum fréttir á vefsíðu HRFÍ.

Sámur.

Svava Björk Ásgeirsdóttir sagði upp störfum ritstjóra Sáms í nóvember sl. og er henni þakkað kærlega fyrir vel unnin störf. Í kjölfarið var auglýst staða ritstjóra Sáms. Ákveðið að framlengja umsóknarfrest og auglýsa stöðuna á nýjan leik.

Samþykktar deildarsýningar

Stjórn HRFÍ hefur milli funda samþykkt umsóknir um deildarsýningar tveggja deilda, Siberian Huskydeildar og Schnauzerdeildar, að fenginni umsögn sýningarstjórnar.

Umsókn um dagskrá retriverdeildar.

Erindi barst stjórn 13. desember síðastliðinn þar sem óskað var eftir samþykki fyrir dagskrá deildarinnar ásamt fylgiskjölum. Erindið var sent til sýningastjórnar til umsagnar.

Samþykkt um aukin dómaraþéttindi

Stjórn samþykkti aukin dómararéttindi Auðar Sifjar Sigurgeirsdóttur á tegundirnar Welsh Springer Spaniel og Nova Scotia Duck Tolling Retriever, að fengnum meðmælum sýningadómaranefndar. Óskum við Auði Sif til hamingju.

Beiðni um ræktunarbann.

Erindi barst frá ræktanda sem óskað eftir því að tók í hans eigu færi í ræktunarbann vegna coloboma augnsjúkdóms sem greindist við augnskoðun. Stjórn samþykkti þessa beiðni.

Ræktun á smooth collie

Erindi barst frá félagsmanni þann 6. janúar þar sem óskað var eftir upplýsingum um hvort rækta megi undan tíkarholpi sem ættbókarfærður er í Svíþjóð en var við skráningu settur í ræktunarbann þar sem móðir hafði ekki lokið skapgerðarmati. Ræktunarbann fylgir hvolpinum milli landa og stjórn HRFÍ hefur ekki umboð til að aflétta því.

Beiðni um endurskoðun ættbókarsviptingar

Stjórn barst beiðni um að stjórn HRFÍ samþykki breytingu á áður afturkölluðum ættbókum þriggja hunda sem upphaflega voru ranglega skráðir í ættbók. Umræddir hundar ásamt ættingjum fóru í DNA próf og foreldragreining frá MATÍS liggur nú fyrir. Í ljósi þeirra gagna samþykkir stjórn að gefa út nýjar ættbækur fyrir hvolpana.

Önnur mál

Sólheimakot

Rætt um að setja upp lyklahús í Sólheimakoti til að auka notkun á húsnæðinu. Nauðsynlegt væri þá í leiðinni að skerpa á því að notkun á húsinu sé fyrirfram bókuð í dagbók. Guðbjörg ber þetta undir Sólheimakots nefndina.

Fræðslukvöld

Erna Sigríður Ómarsdóttir sendi stjórn erindi þar sem hún býðst til að vera með fræðslukvöld um hundasýningar. Stjórn fagnar beiðninni og mun fræðslunefnd stjórnar sjá um framkvæmdina í kringum það.